

Nd.

373. Frumvarp til laga

um olíugeyma o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu, kaupa eða láta byggja hæfilega stóra olíugeymslustöð fyrir brennsluolíur á hentugum stað i landinu til aðalbirgðageymslu.

Sömuleiðis er ríkisstjórninni heimilt að taka á leigu, kaupa eða láta byggja tankskip af hæfilegri stærð til flutnings á brennsluolíum meðfram ströndum landsins.

Tæki þessi getur ríkisstjórnin leigt sambandi olíusamlaga, sem fullnægja skilyrðum 4. greinar, eða látið annast rekstur þeirra fyrir reikning ríkissjóðs.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að styrkja samvinnufélög og þau olíusamlög og félög útgerðarmanna, er fullnægja skilyrðum 4. gr., til þess að koma upp eða kaupa olíugeyma í verstöðvum landsins.

3. gr.

Aðstoð ríkisstjórnarinnar má veita með beinum styrk og með lánum. Hámark styrks skal vera $\frac{1}{6}$ af byggingarkostnaði eða kaupverði. Lán mega vera allt að 50% af byggingarverðinu eða kaupverðinu, og skal það veitt úr fiskveiðasjóði Íslands, þegar ráðherra hefur ákveðið styrk til fyrirtækisins. Fiskveiðasjóður veitir þessi lán gegn fyrsta veðrétti í olíugeymum ásamt tilheyrandi mannvirkjum. Vextir skulu vera 4%. Umsagnar Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra skal leitað um stærð og stað fyrir olíustöðvar, áður en ráðherra ákveður styrk eða lán er veitt.

4. gr.

Skilyrði fyrir því, að olíusamlög eða félög útgerðarmanna verði aðnjótandi þeirra réttinda, sem þessi lög greina, er, að öllum útgerðarmönnum, útgerðarfélögum og öðrum félögum, sem eru verulegir notendur brennsluolíu, sé heimil þátttaka í þeim, að þau skipti arði af rekstri olíusölnunnar í hlutfalli við viðskipti hvers félags og að hver félagi hafi aðeins eitt atkvæði.

Skilyrði fyrir því, að samband olíusamlaga verði aðnjótandi réttinda þessara laga, er, að félögum þeim, sem nefnd eru í 2. gr., sé heimil þátttaka og að sambandið sé í grundvallaratriðum rekið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

5. gr.

Hætti eitthvert félag að fullnægja skilyrðum 4. gr. eða ef félag starfrækir ekki olíustöð sína, þá er ráðherra heimilt að endurheimta veittan styrk og úrskurða veitt lán þegar fallið í gjalddaga. Olíugeymi, sem veittur hefur verið styrkur til eða lán, samkvæmt lögum þessum, má ekki selja nema að fengnu leyfi ráðherra, og skulu þá félög á staðnum, þeirrar tegundar sem nefnd eru í 2. gr., hafa forgangsrétt til kaupa, og að þeim frágengnum hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélög.

6. gr.

Ef þörf krefur, getur ráðherra leyft, að samband olíusamlaga, samvinnufélög, olíusamlög eða félög útgerðarmanna taki lóðir eða lóðarréttindi eignarnámi, til þess að reisa á olíugeyma og nauðsynleg mannvirki í sambandi við rekstur þeirra. Enn fremur er ráðherra heimilt, eftir að hafa fengið umsögn Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra, að ákveða, að ríkisstjórnin taki leigunámi eða eignarnámi olíugeyma, sem eru í eign einstaklinga eða félaga, og framleigja þá eða selja sambandi olíusamlaga, olíusamlögum, samvinnufélögum eða félögum útgerðarmanna, ef með þeim hætti verður talin nást hagkvæmari dreifing á brennsluolíu til landsmanna.

7. gr.

Atvinnumálaráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um allt, sem lýtur að framkvæmd þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það skiptir miklu máli fyrir sjávarútveginn og alla þá, sem brennsluolíur nota, að verzlun með þessa vöru sé sem hagfelldust og ódýrust.

Eitt megin skilyrði til þess, að svo geti orðið, er, að byggðir séu olíugeymar í sem allra flestum verstöðvum landsins og að séð verði fyrir ódýrum flutningum oliunnar að þessum geymum.

Af ýmsum ástæðum þykir nauðsynlegt, að það opinbera hjálpi til að koma þessu í framkvæmd.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, á að skapa grundvöll til þess, að útvegsmenn og aðrir oliunotendur geti í samstarfi sjálfir annast dreifingu oliunnar, sem vafalaust verður ódýrast og mundi gera oliuverzlunina stórum hagkvæmari en nú er.